

REGLUGERÐ

um stærð og þyngd ökutækja.

I. Breidd, lengd og hæð ökutækja.

Breidd ökutækja.

1. gr.

Breidd ökutækis má ekki vera meiri en 2,5 m.

Breidd eftirvagns eða tengitækis sem bifreið dregur má auk þess ekki vera meiri en breidd bifreiðarinnar en hér greinir:

- a. Ef breidd eftirvagnsins eða tengitækisins er minni en 2,3 m: 0,3 m breiðari en bifreiðin til hvorrar hliðar.
- b. Ef breidd eftirvagnsins eða tengitækisins er 2,3 m eða meiri: 0,1 m breiðari en bifreiðin til hvorrar hliðar.

2. gr.

Prátt fyrir ákvæði 1. gr. má breidd vinnuvélar eða tengitækis til landbúnaðarstarfa eða vegavinnu vera allt að 3,5 m. Breiddin má þó því aðeins vera meiri en 3,3 m að ekið sé um ákveðið vinnusvæði eða á milli vinnusvæða.

Lögreglan getur bannað akstur slíkra ökutækja þegar sérstaklega stendur á.

Lengd ökutækja.

3. gr.

Lengd vélknúins ökutækis má ekki vera meiri en 13 m.

Ökutæki með festivagni má vera 15,5 m að heildarlengd og ökutæki með tengivagni eða tengitæki 18 m.

Hæð ökutækja.

4. gr.

Hæð ökutækis má ekki vera meiri en 4,2 m.

Almenn ákvæði.

5. gr.

Ákvæði um breidd, lengd og hæð ökutækis gilda einnig um farm þess.

Breidd ökutækis skal mæld milli þeirra hluta ökutækis sem standa lengst til hliðar. Baksýnispeglar, stefnuljós, hliðarljós og snjókeðjur teljast ekki með breidd ökutækis.

Lengd ökutækis skal mæld milli þeirra hluta ökutækis sem standa lengst fram og aftur.

Hæð ökutækis skal mæld lóðrétt frá vegyfirborði að þeim hluta þess sem hæst stendur.

Undanþágur.

6. gr.

Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá ákvæðum um breidd, lengd og hæð ökutækja þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga.

Þegar undanþága varðar flutning um tvö eða fleiri lögreglustjórnarumdæmi veitir lögreglustjóri þar sem ferð hefst leyfið.

Varúð.

7. gr.

Ökumaður fyrirferðarmikils ökutækis skal sýna sérstaka varúð og tillitssemi gagnvart annarri umferð. Hann skal víkja greiðlega fyrir öðrum ökutækjum og nema staðar ef þörf krefur.

Þrátt fyrir ákvæði um hæð ökutækja hvílir sú skylda á ökumanni við akstur undir brú, í göngum, undir rafmagns-eða símalínu eða við svipaðar aðstæður að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda.

II. Öxulþungi og heildarþyngd ökutækja.







Öxulþungi.

8. gr.

Mesti þungi á einfaldan öxul ökutækis með einu hjóli á hvorum enda má ekki vera meiri en 7 tonn og með tveim hjólum á hvorum enda 10 tonn.

9. gr.

Á vegum þar sem hámarksöxulþungi er leyfður 10 tonn og þegar öxulþungi er takmarkaður við 7 eða 5 tonn með sérstakri auglýsingu og/eða merki á viðkomandi vegum gilda eftirfarandi reglur um hámarksöxulþunga.

Öxlar.		Burðarflokkar. ^{x1}		
		10/16 t	7/11 t	5/8 t
Öxull með tveimur hjólum.		7	5 ^{x2}	3
Öxull með fjórum hjólum.		10	7	5
Tvíöxull með fjórum hjólum.		11	7	5
Tvíöxull með átta hjólum.		16	11	8
Þríöxull með sex hjólum.		16 ^{x3}	11 ^{x3}	8 ^{x3}
Þríöxull með tólf hjólum.		22 ^{x3}	15 ^{x3}	11 ^{x3}

x1) Með burðarflokki er átt við hvaða öxulþungi, tvíöxulþungi og þríöxulþungi er leyfður á viðkomandi vegi.

x2) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100x20.

Fyrir minni hjólbarðastærðir er leyfður 4ra tonna öxulþungi.

x3) Lágmarkskrafa um hjólbarðastærð 1100x20.

Fyrir minni hjólbarða reiknast þríöxull með sex hjólum sem tvíöxull með fjórum hjólum.

Þríöxull með tólf hjólum reiknast sem tvíöxull með átta hjólum.

Heildarþyngd.

10. gr.

Í burðarflokki (bfl) $^{10}/_{16}$ má heildarþyngd samtengdra ökutækja vera mest 39 tonn.

Í burðarflokki $^{7}/_{11}$ má heildarþyngd samtengdra ökutækja vera mest 27 tonn. Í burðarflokki $^{5}/_{8}$ má heildarþyngd samtengdra ökutækja vera mest 19 tonn.

Pungadreifing skal vera innan þeirra marka sem sýnd er í eftirfarandi þyngdartöflu.

ÞYNGDARTAFLA — LEYFILEG ÞYNGD Í TONNUM.

Öxlabil.	Bfl. 10/16	Bfl. 7/11	Bfl. 5/8
M.	T.	T.	T.
Undir 1,20	10,00	7,00	5,00
1,20—2,00	16,00	11,00	8,00
2,20	16,80	11,60	8,40
2,40	17,60	12,20	8,80
2,60	18,40	12,80	9,20
2,80	19,20	13,40	9,60
3,00	20,00	14,00	10,00
3,20	20,80	14,60	10,40
3,40	21,60	15,20	10,80
3,60	22,40	15,80	11,20
3,80	23,20	16,40	11,60
4,00	24,00	17,00	12,00
4,20	24,80	17,60	12,40
4,40	25,60	18,20	12,80
4,60	26,40	18,80	13,20
4,80	27,20	19,40	13,60
5,00	28,00	20,00	14,00
5,20	28,80	20,60	14,40
5,40	29,60	21,20	14,80
5,60	30,40	21,80	15,20
5,80	31,20	22,40	15,60
6,00	32,00	23,00	16,00
6,20	32,30	23,20	16,15
6,40	32,60	23,40	16,30
6,60	32,90	23,60	16,45
6,80	33,20	23,80	16,60
7,00	33,50	24,00	16,75
7,20	33,80	24,20	16,90
7,40	34,10	24,40	17,05
7,60	34,40	24,60	17,20
7,80	34,70	24,80	17,35
8,00	35,00	25,00	17,50
8,20	35,30	25,20	17,65
8,40	35,60	25,40	17,80
8,60	35,90	25,60	17,95
8,80	36,20	25,80	18,10
9,00	36,50	26,00	18,25
9,20	36,80	26,20	18,40
9,40	37,10	26,40	18,55
9,60	37,40	26,60	18,70
9,80	37,70	26,80	18,85
10,00	38,00	27,00	19,00
10,20	38,20		
10,40	38,40		

Öxlabil. M.	Bfl. 10/16 T.	Bfl. 7/11 T.	Bfl. 5/8 T.
20,60	38,60		
10,80	38,80		
11,00	39,00		
11,20	39,20		
11,40	39,40		
11,60	39,60		
11,80	39,80		
12,00	40,00		
12,20	40,20		
12,40	40,40		
12,60	40,60		
12,80	40,80		
13,00	41,00		
13,20	41,20		
13,40	41,40		
13,60	41,60		
13,80	41,80		
14,00	42,00		
14,20	42,20		
14,40	42,40		
14,60	42,60		
14,80	42,80		
15,00	43,00		

11. gr.

Heildarþyngd vélknúins ökutækis á beltum má ekki vera meiri en 12 tonn.

Almenn ákvæði.

12. gr.

Við ákvörðun öxulþunga og heildarþyngdar ökutækis teljast tveir öxlar sem einn öxull ef bil milli þeirra er minna en 1,2 m, mælt frá miðju þeirra.

13. gr.

Öxulþungi og heildarþyngd ökutækis miðast við að loftþrýstingur í hjólbörðum sé ekki meiri en 0,8 MPa (8 bar eða 116 PSI) mælt í köldum hjólbarða.

Undanþágur.

14. gr.

Veghaldari getur leyft meiri öxulþunga og heildarþyngd ökutækja á einstökum vegarköflum, svo og ákveðið minni öxulþunga eða heildarþyngd á öðrum, hvort tveggja miðað við burðarþol brúar eða vega.

Þá getur veghaldari og veitt undanþágu frá ákvæðum um öxulþunga og heildarþyngd ökutækis þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga.

III. Ýmis ákvæði.

15. gr.

Sá sem undanþágu fær til flutnings samkvæmt 6. gr. og 2. mgr. 14. gr. skal greiða fyrir lögregluaðstoð sem að mati lögreglustjóra er þörf á við flutninginn.

Lögreglustjóri getur krafist þess að kostnaður þessi verði greiddur fyrirfram eða að sett verði trygging sem hann metur gilda fyrir greiðslu hans.

16. gr.

Nota má ökutæki sem er stærra eða þyngra en leyft er í reglugerð þessari ef notkun þess var heimil samkvæmt eldri reglum.

Bifreiðæftirlit ríkisins getur til 1. ágúst 1988 heimilað skráningu ökutækis sem er lengra en leyft er í reglugerð þessari ef notkun þess hefði verið leyfð samkvæmt eldri reglum, enda hafi ökutækið verið keypt fyrir gildistöku reglugerðarinnar.

17. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 75. og 76. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. mars 1988.

Jafnframt falla úr gildi 2. og 3. mgr. 14. gr. reglugerðar um gerð og búnað ökutækja, nr. 51 15. maí 1964.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.

Jón Sigurðsson.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um gerð og búnað bifreiða o.fl.

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sérhvert ökutæki skal svo gert og því haldið þannig við, að nota megi án þess að af því leiði hættu eða óþægindi fyrir aðra eða skemmd á vegi.

2. gr.

Bifreið skal þannig hönnuð og úr garði gerð að hún þoli það álag sem eðlilegt má teljast að hún verði fyrir og sé nothæf án þess að valda annarri umferð hvers konar hættu og óþægindum. Bifreið skal þannig haldið við að hún þoli þá notkun sem hún var skráð fyrir.

Stýrisbúnaður.

3. gr.

Stýrisbúnaður bifreiðar skal þannig gerður að unnt sé að stýra henni á auðveldan og öruggan hátt.

Stýrisbúnaður, að meðtöldu stýri, flautuhring og stýrisöxli, skal þannig gerður að hann valdi öikumanni sem minnstri hættu við árekstur.

Þegar ekið er í hring má minnsti beygjuradii ekki fara yfir 12 m, mælt á þá brún bifreiðar sem yst er í hringnum.

4. gr.

Hemlabúnaður.

Í bifreið skal vera þrenns konar hemlabúnaður: Aksturshemill, stöðuhemill og neyðarhemill.

Ljósabúnaður.

5. gr.

Á bifreið skal vera ljósabúnaður sem hér segir:

1. Minnst tvö ljóskef með „E“ eða „DOT“ merki að framan fyrir háljós sem lýsa hvítu eða dauflugu ljósi og tengjast bláu gaumljósi í mælaborði.